

3. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum, er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1041/2003, um meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðisviði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. júlí“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. reglnanna kemur: 22. maí.

2. gr.

Reglur þessar sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra regna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu Grindavíkur.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Framfærsluskylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.